

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 580/2011

2012/EES/67/19

frá 8. júní 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 460/2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu að því er varðar starfstíma hennar

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-bandalaganna⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Árið 2004 samþykktu Evrópuþingið og ráðið reglugerð (EB) nr. 460/2004⁽³⁾ þar sem komið var á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin).
- 2) Árið 2008 samþykktu Evrópuþingið og ráðið reglugerð (EB) nr. 1007/2008⁽⁴⁾ um breytingu á reglugerð (EB) nr. 460/2004 að því er varðar starfstíma stofnunarinnar.
- 3) Frá því í nóvember 2008 hefur átt sér stað opinber umræða um almenna stefnu Evrópu til aukningar net- og upplýsingaöryggis, þ.m.t. umræða um stofnunina. Í

samræmi við áætlun framkvæmdastjórnarinnar um betri reglusetningu og til að leggja fram skerf til umræðunnar hafði framkvæmdastjórnin frumkvæði að samráði við almenning um markmið fyrir sterkari stefnu um net- og upplýsingaöryggi á vettvangi Sambandsins, sem átti sér stað frá því í nóvember 2008 og þar til í janúar 2009. Í desember 2009 leiddi umræðan til ályktunar ráðsins frá 18. desember 2009 um samevrópska nálgun á sviði net- og upplýsingaöryggis⁽⁵⁾.

- 4) Að teknu tilliti til niðurstaðna opinberu umræðunnar er fyrirhugað að skipta út reglugerð (EB) nr. 460/2004.
- 5) Lagasetningarmeðferð til umbóta á stofnuninni getur krafist langrar umræðu og þar sem umboð stofnunarinnar rennur út 13. mars 2012 er nauðsynlegt að samþykkja framlengingu sem mun bæði gera kleift að frekari umfjöllun um stofnunina fari fram í Evrópuþinginu og ráðinu sem og til að tryggja samfellu og samræmi.
- 6) Starfstími stofnunarinnar skal því framlengdur til 13. september 2013,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 460/2004 komi eftirfarandi:

„27. gr.

Lengd

Stofnuninni skal komið á fót 14. mars 2004 og skal hún starfa í 9 ár og 6 mánuði.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 165, 24.6.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 54, 19.2.2011, bls. 35.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 24. mars 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. maí 2011.

(3) Stjtið. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 1.

(4) Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 1.

(5) Stjtið. ESB L 321, 29.12.2009, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 8. júní 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

forseti.

J. BUZEK

Fyrir hönd ráðsins

forseti.

GYŐRI E.
